



Skipulagsnefnd – 23.06.2015

13. fundur

23. júní 2015, kl 13:00-14:00

Fundarstaður: Hótel Reyhlið.

Fundarmenn:

Helgi Héðinsson, formaður

Birgir Steingrímsson

Hólmgeir Hallgrímsson

Margrét Hólm Valsdóttir

Selma Ásmundsdóttir

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

(í fjarveru Péturs Snæbjörnssonar))

(í fjarveru Guðrúnar Brynleifsdóttur)

Dagskrá:

1. *Dimmuborgir. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi.*
2. *Grímsstaðir. Tillaga að deiliskipulagi hótellóðar og breyting á aðalskipulagi.*
3. *Vaðalda. Tillaga að deiliskipulagi vegna smávirkjunar.*
4. *Austurleið (F910). Framkvæmdaleyfi vegna breyttrar legu.*
5. *Grímsstaðir 1. Umsókn um stofnun lóðarhluta.*
6. *Grímsstaðir 2. Umsókn um stofnun lóðarhluta.*
7. *Grímsstaðir 3. Umsókn um stofnun lóðarhluta.*
8. *Grímsstaðir 4. Umsókn um stofnun lóðarhluta.*
9. *Fundardagar skipulagsnefndar til áramóta.*

1. **Dimmuborgir. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi.**
S20140301

Tekið fyrir að nýju erindi dags. 26. mars 2015 frá Daða Lange Friðrikssyni f. h. Landgræðslunnar þar sem óskað er eftir breytingu á deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis við Dimmuborgir

skv. meðfylgjandi tillögu frá Mannviti verkfræðistofu á Húsavík. Svæðið er skilgreint sem 338-V (verslunar- og þjónustusvæði, samtals 2,9 ha) í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023.

Helstu breytingar frá gildandi deiliskipulagi eru eftirfarandi:

1. Byggingarreitur þjónustuhúss er stækkaður og í stað eins húss verði heimilt að reisa fleiri hús innan reitsins þar á meðal eitt salernishús..
2. Gerð er tillaga að nýju bílastæði fyrir rútur og stærri bíla innan skipulagssvæðisins.
3. Mörkum deiliskipulagssvæðisins er breytt lítillega þannig að þau falli betur að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá og með 17. apríl 2015 með athugasemdafresti til og með 29. maí 2015. Umsagnir án athugasemda bárust frá Umhverfisstofnun. Minjastofnun Íslands og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Eftirfarandi athugasemdir bárust frá Vegagerðinni:

Vegagerðin gerir athugasemd við að það þurfi meiri upplýsingar um fyrirhugaða breytingu á bílastæðum við Dimmuborgir en koma fram í deiliskipulagsgreinargerð.

- Í texta er fjallað um hnitaskrár 1 og 2 sem eru ekki sýndar á uppdrætti.
Svar: Hnitaskrár 1 og 2 hafa verið settar inn á uppdrátt.
- Í texta er umfjöllun um breytingu á lóðamörkum. Breytingarnar eru ekki sýndar á uppdrætti. Fylgir skipulagssvæði nýjum lóðamörkum?
Svar: Skipulagssvæðið fylgir ekki lóðamörkum (landamörkum)
- Í gildandi deiliskipulagi kemur fjöldi bílastæða fram í texta en ekki í nýju deiliskipulagi.
Svar: Fjöldi bílastæða hefur verið færður inn á uppdrátt.
- Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir 55 fólksbílastæðum og 6 rúrustæðum. Í nýja deiliskipulaginu er miðað við 61 fólksbílastæði og 6 rúrustæði.
Svar: Fjöldi bílastæða hefur verið færður inn á uppdrátt.
- Í texta þarf að koma greinilegar fram að verið er að bæta við nýju bílastæði á svæðinu, þannig að bílastæði verði þrjú, á þremur svæðum, efsta-, mið- og neðsta svæði.
Svar: Kemur fram í greinargerð.
- Við stækkun bílastæða og flutningi rúrustæða á neðsta pall, hefði átt að verða meiri fjölgun fólksbílastæða á efsta palli.
Svar: Fjöldi bílastæða hefur verið endurskoðaður og færður inn á uppdrátt.
- Nýting svæðis á efsta palli er ekki nógu góð.
Svar: Fjöldi bílastæða hefur verið endurskoðaður og færður inn á uppdrátt. Bílastæði á efsta palli snúid lítillega til að auðvelda aðkomu á rútum. Svæði fyrir gangandi fólk á efsta palli stækkað.

B.R.
H.H.

- Telja má að miðað við þann fjölda fólksflutningabifreiða sem nú er lagt á svæðinu, þyrfti að gera ráð fyrir fjölgun stæða fyrir þær.
Svar: Fjöldi bílastæða hefur verið færður inn á uppdrátt.
- Hvergi er gert ráð fyrir húsbílum eða fólksbílum með aftanívagna, sem talsverður hluti ferðamanna nota.
Svar: Skilgreind hafa verið þrjú bílastæði ætluð bílum með tengivagn.
- Bílastæði fyrir hreyfihamlaða vantar á uppdrátt.
Svar: Tvö bílastæði fyrir hreyfihamlaða hafa verið skilgreind næst þjónustumiðstöð
- Við enda bílastæðis á mið svæðinu mætti gera ráð fyrir útskoti, þannig að auðveldara sé að snúa innstu bílunum við.
Svar: Tekið er tillit til athugasemdar.
- Í texta þyrfti að koma fram hvernig umferð á svæðinu er hugsuð. Aðallega þó í tengslum við umferð fólksflutningabifreiða.
Svar: Texta í greinargerð bætt við. Er undir fyrirsögninni „Umferð“.
- Mjög slæmt er að gert sé ráð fyrir að fólksflutningabifreiðar stöðvi aftan við bíla sem lagt er í stæði á efsta palli. Með því er komið í veg fyrir akstur til og frá stæðunum á meðan farþegum er hleypt út- og inn.
Svar: Tekið er tillit til ábendingar. Bílastæði á efsta palli snúi ð lítillaga. Við það verður til svigrúm aftan við bíla á efsta palli.
- Það vantar meiri upplýsingar um gönguleiðir á deiliskipulagssvæðinu, bæði í texta og á teikningu.
Svar: Gönguleiðir innan skipulagsmarka eru skilgreindar. Bætt við gönguleið (aðkomu) að þjónustumiðstöð.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan svo breytt, þar sem komið hefur verið til móts við framangreindar athugasemdir, verði samþykkt og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að annast málsmeðferð vegna gildistöku tillögunnar eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

2. Grímsstaðir. Tillaga að deiliskipulagi hótellóðar og breyting á aðalskipulagi. S20140301

Tekið fyrir að nýju en erindið var síðast á dagskrá nefndarinnar 2. mars s.l. Innkomin ný gögn, deiliskipulagsuppdráttur og greinargerð dags 5. maí 2015. Skipulagsnefnd Skútustaðahrepps boðaði til almenns kynningarfundar í Reykjahlíðarskóla mánudaginn 15. júní s.l. þar sem kynnt var tillaga að deiliskipulagi hótellóðar á Flatskalla í landi Grímsstaða og samsvarandi breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Tillögunnar voru kynntar eins og 2. mgr. 30. gr. og

B. R.
H. H.

4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæla fyrir um. Á fundinum komu fram ábendingar sem gáfu tilefni til óverulegra breytinga á tillögunni.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillaga að deiliskipulagi og samsvarandi breyting á aðalskipulagi verði auglýstar samhliða að fengnu samþykki Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna breytinga á aðalskipulagi. Jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að auglýsa tillögurnar eins og fyrrgreind lög mæla fyrir um.

3. Vaðalda. Tillaga að deiliskipulagi og umsókn um framkvæmdaleyfi.

S20150601

Erindi frá Auði Andrésdóttur f.h. Neyðarlínunnar ohf þar sem óskað er eftir heimild skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til að vinna deiliskipulag vegna 8-10 KW smávirkjunar við Vaðöldu skv. meðfylgjandi skipulagslýsingu dags. í júní 2015.

Neyðarlínan ohf. fyrirhugar að byggja litla heimarafstöð sunnan við Vaðöldu í Skútustaðahreppi. Samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar þarf að vinna deiliskipulag vegna þessa til að geta gefið út framkvæmda- og byggingarleyfi vegna framkvæmdarinnar, þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag af svæðinu. Skipulagslýsing er unnin í samræmi við 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og matslýsing er unnin í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlna nr. 105/2006.

Deiliskipulagið og umhverfismat áætlunarinnar er unnið hjá Mannviti í samráði við skipulags- og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps. Fyrir hönd Neyðarlínunnar þá tilkynnir Mannvit um fyrirhugaða framkvæmd í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000, sbr. flokk c, í 1. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum, lið 3.23.

Meðfylgjandi er greinargerð um framkvæmdina og helstu framkvæmdaþætti hennar auk þess sem greint er frá aðstæðum á svæðinu með tilliti til umhverfis- og skipulagsmála. Jafnframt er lagt mat á hvaða líklegra umhverfisáhrifa er að vænta.

Neyðarlínan ohf. telur að fyrir liggja gögn um áhrif byggingar fyrirhugaðrar heimarafstöðvar. Niðurstaðan er að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og því eigi hún ekki að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsækjanda verið heimilað að vinna deiliskipulag skv. meðfylgjandi deiliskipulagslýsingu. Jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að leita umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi og einnig verði honum falið að leita umsagnar um matslýsinguna hjá umsagnaraðilum.

BR
H H

4. Austurleið (F910). Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna breyttrar legu.
S20150602

Erindi dags. 5. júní 2015 frá Gunnari H. Guðmundssyni, svæðisstjóra Norðursvæðis Vegagerðarinnar, f.h. Vegagerðarinnar sem veghaldara og Vatnajökulsþjóðgarðs sem framkvæmdaaðila, þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2010 vegna breyttrar legu Austurleiðar (F910) vegna nýs hrauns við Holuhraun. Um er að ræða lagningu á a.m.k. 2,1 km löngum slóða í stað 1,6 km kafla sem fór undir hraun. Jafnframt er óskað eftir ákvörðun Skútustaðahrepps um hvort framkvæmdin sé háð lögum um mat á umhverfisáhrifum. Fylgigögn með umsókn eru verkefnislýsing og uppdrættir og ljósmyndir af framkvæmdasvæðinu

Að mati skipulagsnefndar samrýmist framkvæmdin Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 en er ekki tilkynningarskyld skv. 1. viðauka, lið 10.10 í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, þar sem slóðagerð samrýmist ekki skilgreiningu vegalaga um vegi. Skipulagsnefnd leggur hins vegar til við sveitarstjórn að umsókn um framkvæmdaleyfi verði samþykkt og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að gefa út leyfið eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.

5. Grímsstaðir 1. Umsókn um stofnun lóðarhluta.
S20150603

Umsókn dags 21. júní 2015 frá Herðísi Steingrímisdóttur og Elínu Steingrímisdóttur, þar sem þær sækja um að stofna nýjan lóðarhluta út úr óskiptu landi Grímsstaða 1 skv. meðfylgjandi hnitsettu lóðarblaði frá Landgræðslu ríkisins og útfylltu umsóknareyðublaði F-550 frá Þjóðskrá.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarhlutans og leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að stofna lóðarhlutann í fasteignagrunni Þjóðskrár.

6. Grímsstaðir 2. Umsókn um stofnun lóðarhluta.
S20150604

Umsókn dags 21. júní 2015 frá Erlingi Ragnarssyni, Steinunni Ósk Stefánsdóttur og Birgi Haukssyni, þar sem þau sækja um að stofna nýjan lóðarhluta út úr óskiptu landi Grímsstaða 2 skv. meðfylgjandi hnitsettu lóðarblaði frá Landgræðslu ríkisins og útfylltu umsóknareyðublaði F-550 frá Þjóðskrá.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarhlutans og leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að stofna lóðarhlutann í fasteignagrunni Þjóðskrár.

B.R.
H.H.

7. Grímsstaðir 3. Umsókn um stofnun lóðarhluta.

S20150605

Umsókn dags 21. júní 2015 frá Birgi Haukssyni, þar sem hann sækir um að stofna nýjan lóðarhluta út úr óskiptu landi Grímsstaða 3 skv. meðfylgjandi hnitsettu lóðarblaði frá Landgræðslu ríkisins og útfylltu umsóknareyðublaði F-550 frá Þjóðskrá.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarhlutans og leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að stofna lóðarhlutann í fasteignagrunni Þjóðskrár.

8. Grímsstaðir 4. Umsókn um stofnun lóðarhluta.

S20150606

Umsókn dags 19. maí 2015 frá Þorgerði Egilsdóttur þar sem hún sækir um að stofna nýjan lóðarhluta út úr óskiptu landi Grímsstaða 4 skv. meðfylgjandi hnitsettu lóðarblaði frá Landgræðslu ríkisins og útfylltu umsóknareyðublaði F-550 frá Þjóðskrá.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarhlutans og leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að stofna lóðarhlutann í fasteignagrunni Þjóðskrár.

9. Fundardagar skipulagsnefndar til áramóta.

Skipulags- og byggingarfulltrúi leggur fram eftirfarandi tillögu að fundardögum skipulagsnefndar til áramóta:

17. ágúst, 7. september, 5. október, 2. nóvember og 30. nóvember.

Skipulagsnefnd samþykkir þessa fundardaga.

Fundi slitið.

*Helsi H.
Selma Ármundardóttir
Hönnuðis G. Halldór.
Meyrót Ásmundar.
Birgi Steingrimsdóttir*